

Ræða formanns stjórnar Byggðastofnunar

Flutt á ársfundi Byggðastofnunar 11. júní 2010

Fjörðurinn minn er fallegur í dag þó ekki skíni sólin og það er ekki efst á óskalistanum að tala um erfiðleika og vandamál. Ég ætla reyndar ekki að eyða mörgum orðum í að lýsa þeirri stöðu sem Ísland er í þessa dagana enda kunnug öllum viðstöddum. Ég ætla þó með nokkrum orðum að lýsa áhyggjum stjórnar Byggðastofnunar af veikum burðum hennar, **að öllu óbreyttu**, til að koma til móts við atvinnulíf landsbyggðarinnar á næstu árum. Þeim áhyggjum er lýst í bókun stjórnar frá síðasta fundi en þar segir m.a.:

„Byggðastofnun varð fyrir umtalsverðu útlánatapi í kjölfar banka- og gjaldeyriskreppu sem enn sér ekki fyrir endann á. Reikna má með að enn eigi eftir að tapast fjármunir áður en jafnvægi er náð í íslensku samfélagi.

Stjórn Byggðastofnunar áréttar mikilvægi þess að stofnuninni sé gert kleift að styðja við atvinnulíf landsbyggðarinnar eins og henni er ætlað að lögum. Til þess að það sé tryggt er eiginfjárhlutfall stofnunarinnar enn of lágt þrátt fyrir framlag á fjárukalögum síðasta árs og fjárlögum ársins 2010.

Það er skoðun stjórnarinnar að stofnunin sé ekki nægilega vel í stakk búin til að takast á við frekara útlánatap auk þess sem hún mun að óbreyttu ekki geta komið til móts við viðskiptavinum sína á sambærilegan hátt og viðskiptabönkunum var gert mögulegt með ríflegu eiginfjárhlutfalli við stofnun þeirra. Ef þetta verður niðurstaðan munu atvinnuvegir landsbyggðarinnar bera skarðari hlut frá borði en atvinnulíf höfuðborgarsvæðisins, sem viðskiptabankarnir þjónusta.“

Ráðherra voru kynntar þessar áhyggjur fyrir nokkru síðan og fór hann í kjölfarið fram á samantekt um stöðu mála. Ég ber fullt traust til ráðherra og er þess viss

Anna Kristín Gunnarsdóttir

að skilningur er á nauðsyn þess að stofnuninni sé gert kleift að þjónusta landsbyggðina á þeim erfileikatímum sem við lifum í dag.

Stofnunin sinnir margvíslegum verkefnum og það eru mörg verkefni sem þörf er á að sinna. Meðal þess er sem að mínu áliti er of lítill gaumur gefinn er hve alvarlegar afleiðingar hið fábreytta atvinnulíf landsbyggðarinnar hefur á möguleika kvenna og ungs menntaðs fólks til að búsetja sig á landsbyggðinni. Afleiðingar þessa eru hækkaður meðalaldur, lægra menntunarstig og hlutfallslega færri konur en karlar á landsbyggðinni. Þessi staða er óviðunandi og felur feigðina í sér.

Í byrjun hausts 2009 var haldinn fundur starfsfólks Byggðastofnunar, formanns og varaformanns stjórnar þar sem viðfangsefnið var starfshættir og starfsumhverfi stofnunarinnar, hvað og hvernig mætti færa til betri vegar og búa stofnunina sem best undir að taka á með stjórnvöldum í uppbyggingarferlinu framundan. Í framhaldinu voru skipaðir vinnuhópar innan stofnunarinnar sem unnu áfram með niðurstöður fundarins. Skiluðu hóparnir drögum í hendur þriggja manna starfshóps sem, undir forystu forstöðumanns þróunarsviðs skilaði af sér áfangaskýrslu og markmiðssetningu sem kynnt var fyrir stjórn stofnunarinnar. Þar er m.a. fjallað um **hlutverk** stofnunarinnar að lögum, **Gildi**, þar sem vitnað er í siðareglur sem stofnunin hefur sett sér og **Markmið**, sem er þrískipt eftir viðföngum. Í fyrsta lagi: Efling búsetu á starfssvæði stofnunarinnar. b. Að stofnunin verði forystuaðili að stefnumótun og framkvæmd byggðamála c. Starfsemi Byggðastofnunar skuli vera til fyrirmyndar (Sem ég reyndar tel að sé þegar staða mála).

Ég vil nota tækifærið og þakka forstjóra og öðru starfsfólki sérstaklega fyrir þessa mikilvægu vinnu og það jákvæða viðhorf gagnvart stofnuninni sem í henni birtist. Ég geri nánar grein fyrir þessari vinnu í ársskýrslunni.

Anna Kristín Gunnarsdóttir

Ég vil að lokum þakka forstjóra og starfsfólki fyrir vel unnin störf og afbrigðs samstarf og óska þeim og stofnuninni velfarnaðar. Jafnframt þakka ég stjórn gott samstarf og ráðherra og ráðuneyti fyrir góð samskipti.